



Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum

Námskeiðslýsing NAF 002 vorið 2017

Umsjón: [Hróbjartur Árnason](#) lektor

Námskeiðið „Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum“ er skemmtilegt og markvisst námskeið þar sem þátttakendur auka færni sína í að sinna helstu þáttum þess að undirbúa, skipuleggja, og útfæra hvers kyns námstilboð fyrir fullorðna: *Námskeið, fyrirlestra, ráðstefnur, fundi, jafningjafraeðslu og sjálfsnámsferli* svo eitthvað sé nefnt.

Yfirmarkmið námskeiðsins

...er að þátttakendur kynni sér og tileinki gagnlegar hugmyndir, kenningar og aðferðir til að skipuleggja nám fyrir fullorðna námsmenn og leiða nám þeirra með góðum árangri.

Stefnt er að því að þátttakendur geti við lok námskeiðs:

- lýst nokkrum algengum nálgunum um hvernig námsferlar eru skipulagðir fyrir fullorðna ásamt því að greina frá kenningum og viðhorfum sem liggja þeim að baki,
- notað mismunandi aðferðir til að skipuleggja nám fyrir fullorðna,
- rökstutt skipulag kennslu og framkvæmd hennar með vísun í rannsóknir, kenningar og viðurkennd viðhorf til fræðslustarfs með fullorðnum,
- lýst kennsluaðferðum og flokkað eftir viðurkenndum flokkunarkerfum, kunni skil á fræðilegri flokkun kennsluaðferða,
- skipulagt, undirbúið og framkvæmt kennslu, og önnur námsferli fyrir fullorðna og geti bæði gagnrýnt eigin kennslu og annarra og rökstutt gagnrýnina.

Inntak / viðfangsefni

- Þátttakendur kynna sér fræðilega umræðu um skipulagningu fræðslu fyrir fullorðna, kynna sér rannsóknir um afmarkaða þætti kennsluhegðunar og bera saman við innihald bókana sem lesnar eru á námskeiðinu og við þeirra eigin vinnu.
- Þátttakendur skoða nálganir við skipulagningu námsferla fyrir fullorðna, rýna í viðkomandi nálganir og gagnrýna þær.
- Á námskeiðinu læra þátttakendur að útbúa námsferli, í gegnum það að útbúa sjálfir námskeiðsmöppu sem inniheldur öll gögn sem þeir þurfa til að kenna tiltekið námskeið eða leiða tiltekið ferli. Að námskeiði loknu munu þeir hafa undir höndum slíka möppu og vera tilbúin að halda námskeið með þeim gögnum sem eru í möppunni.
- Þátttakendur kynna sér gagnlegar kennsluaðferðir, prófa þær og þjálfast sig í notkun þeirra. Þátttakendur þjálfast einnig í því að nota kennslutæki og nýta þjálfunina þegar þeir æfa sig í kennslu og í því að meta kennslu hver annars.

Vinnulag:

Námskeiðið er skipulagt í blönduðu námi, það er sambland af staðbundnum lotum og fjarnámi og reglulegum fundum.

Staðlotur verða tvær, þar sem nemendur og kennarar hittast tvisvar sinnum í heilan dag. Nákvæm dagsetning er ekki komin en fyrri staðlotan verður í vikunni **9. - 13. janúar 2017** og sú seinni í vikunni **20. - 24. mars 2017**

Á milli staðlotanna verða vikulegir fundir í 1 ½ tíma hvert sinn. Fundirnir fara fram í kennslustofu í Stakkahlíð og jafnframt í gegnum fjarfundakerfi.

Samvinna á netinu: Vefur námskeiðsins er miðlægur vettvangur samvinnu þátttakenda og kennara. Þar vinna þátttakendur saman að ýmsum verkefnum.

- Fylgist svo með á vef námsleiðarinnar: namfullordinna.is